

**Borgarstjórn**  
**18. desember 2018**

### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um sérstaka fræðslu fyrir innflytjendur**

Að borgarstjórn samþykki að Reykjavíkurborg stuðli að því að kalla til funda/örnámskeiðs, alla þá sem hafa fengið dvalarleyfi á Íslandi og sem eru með atvinnuréttindi en eru ekki komnir í vinnu. Á þessum fundi yrði farið með þeim yfir lög um atvinnuleit, atvinnuréttindi, framfærslumál, skattkerfi, samgöngukerfi, skólakerfi og félagslega aðlögun. Hugmyndin er að umgjörð þessara funda verði afslöppuð, skemmtileg þar sem boðið verði upp á kaffi og spjall samhliða fræðslunni. Markmiðið er að hvetja þennan hóp sem á þess kost heilsufarslega til að fara sem fyrst út á vinnumarkaðinn og að þeir komist sem fyrst inn í íslenskt samfélag og geti farið að njóta góðs af öllu því sem það hefur upp á að bjóða. Lagt er til að það verði sérfundir fyrir Kúrda og sérfundir fyrir Araba og einnig aðra hópa eftir atvikum. Hér í borg eru að minnsta kosti tveir túlkar sem tala bæði málin, kúrdísku og arabísku og mætti nýta þá til hvorutveggja. Þessi tillaga nái hún fram að ganga myndi létta á Vinnumálastofnun og á starfsmönnum þjónustumiðstöðva svo ekki sé minnst á hvað þau myndu gera mikið fyrir það fólk sem hér um ræðir.